

L Ö G

88

16. des.

um lendingarbætur í Stöðvarfirði.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til lendingarbóta við Kirkjubólspörp í Stöðvarhreppi í Suður-Múlasýslu skal úr ríkissjóði veita helming kostnaðar eftir áætlun, sem atvinnumálaráðherra samþykkir, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 200 þúsund krónum, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarsjóði Stöðvarhrepps að jafnri tiltölu og lendingarsjóðurinn leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 200 þúsund króna lán, er hreppsnefnd Stöðvarhrepps kann að taka í innlendri lánsstofnum til lendingarbótanna

Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðherra telur til þess færan.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera lendingarbæturnar eða undir brautir og vegi í þarfir þeirra, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkveðdum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr lendingarsjóði Stöðvarhrepps.

Nú vill annarhvor málsaðili ekki una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga, frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæma á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsfjárhæðinni verður ekki breytt meir en um 10% frá hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, annars greiðist kostnaðurinn úr lendingarsjóði.

4. gr.

Meðfram strandlengju þorpsins, eftir því sem nánar verður til tekið í reglugerð, má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta né heldur halda þar úti bátum til útgerðar, nema samþykki lendingarsjóðsstjórnar og hreppsnefndar Stöðvarhrepps komi til.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum frá kr. 1000.00 til 10000.00 kr.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa þrjú menn, er hreppsnefnd Stöðvarhrepps kýs. Skulu þeir kosnir á fyrsta fundi nýkosinnar hreppsnefndar, og gildir kosning þeirra jafnlengi og hreppsnefndarinnar.

Til sama tíma skulu kosnir jafnmargir varamenn. Hreppsnefnd Stöðvarhrepps, sú sem nú situr, fer með framkvæmd þessara mála, unz hreppsnefndarkosningar fara næst fram.

88

16. des.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þágu lendingarinnar. Hreppsjóður Stöðvarhrepps ábyrgist skuldir sjóðsins, og hreppsnefndin er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

6. gr.

7. gr.

Hreppsnefndin má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd upp af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til að standast kostnað við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna og til árlegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Stöðvarhrepps allt að 6% af brúttóverði afla hvers báts, sem haldið er úti til fiskveiða frá Stöðvarfirði, vörugjald af vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi innan takmarka Stöðvarfjarðar, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkvæmt 12. gr. Heimilt er að innheimta gjöld í lendingarsjóð, þegar byrjað er á verkinu.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 15. desember ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs semja áætlun um tekjur og gjöld lendingarsjóðs næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar.

11. gr.

Stjórn lendingarsjóðs skal í ársbyrjun gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðna árinu. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Stöðvarhrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, sem lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, upphæð vörugjalds, báta- og bryggjugjöld o. fl. Í reglugerð má ákveða um sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr., og renni sektir í sveitarsjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 16. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.